

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 92/2010****2015/EES/16/54****frá 2. febrúar 2010****um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins að því er varðar upplýsingaskipti milli tollyfirvalda og innlendra hagskýrslufirvalda, samantekt hagskýrslna og gæðamat (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 frá 6. maí 2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1172/95<sup>(1)</sup>, einkum 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og 9. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 471/2009 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð sem varðar vöruviðskipti við lönd utan Bandalagsins.
- 2) Nauðsynlegt er að tilgreina ferli við gagnaskipti milli tollyfirvalda og innlendra hagskýrslufirvalda til að tryggja heildarsamantekt hagskýrslna um utanríkisverslun.
- 3) Ákvæði ætti að setja um samantekt mánaðarlegra hagskýrslna með það fyrir augum að ná fram samræmdum og samanburðarhæfum niðurstöðum frá öllum aðildarríkjunum, þ.m.t. um leiðréttingareglur vegna færslna sem koma of seint eða sem vantar og um gögn sem bundin eru trúnaðarkvöð.
- 4) Til að mögulegt sé að meta gæði hagskýrslanna sem sendar eru til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) er nauðsynlegt að gera framkvæmdarráðstafanir um nánari tilhögun og gerð gæðaskýrslunnar.
- 5) Ráðstafanirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð eru í samræmi við álit hagskýrslunefndar um vöruviðskipti við lönd utan Bandalagsins,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Fyrirkomulag gagnaskipta milli tollyfirvalda og innlendra hagskýrslufirvalda**

1. Landsbundin tollyfirvöld skulu, án tafa og eigi síðar en í mánuðinum sem kemur á eftir mánuðinum þegar

tollskýrslurnar voru samþykktar eða ákvarðanir teknar er þær vörðuðu, láta innlendum hagskýrslufirvöldum sínum í té færslur um inn- og útflutning úr tollskýrslum sem lagðar hafa verið inn hjá þeim.

2. Frá og með dagsetningu framkvæmdar tilhögunarinnar um gagnkvæm gagnaskipti með rafrænum hætti, samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 471/2009, ber tollyfirvöldum daglega að láta í té afrit af gögnum úr tollskýrslum sem lagðar hafa verið inn hjá þeim til tollyfirvalda þess aðildarríkis sem tilgreint er í færslunni sem:

- a) aðildarríki ákvörðunarstaðar, við innflutning,
- b) eiginlegt útflutningsaðildarríki, við útflutning.

Tollyfirvöld í viðtökuaðildarríkinu, við innflutning, og í eiginlega útflutningsaðildarríkinu, við útflutning, skulu, án tafa og eigi síðar en í næsta mánuði á eftir þeim mánuði þegar tollskýrslurnar voru samþykktar eða ákvarðanir teknar er þær vörðuðu, áframsenda inn- og útflutningsfærslur úr þessum tollskýrslum til hagskýrslufirvalda í sínum ríkjum.

3. Tollyfirvöld skulu láta innlendum hagskýrslufirvöldum í té endurskoðaðar færslur um inn- og útflutning þar sem leiðréttingar eða breytingar hafa átt sér stað á áður sendum gögnum.

4. Að beiðni innlendra hagskýrslufirvalda skulu tollyfirvöld sannreyna að færslur um inn- og útflutning sem þau hafa látið í té séu heildstæð og rétt.

*2. gr.***Samantekt evrópskra hagskýrslna um inn- og útflutning vara**

1. Innlend hagskýrslufirvöld skulu taka saman mánaðarlegrar hagskýrslur úr:

- a) færslum um inn- og útflutning sem tollyfirvöld hafa látið í té samkvæmt 1. gr.,

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 31, 3.2.2010, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2011 frá 30. september 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 1.12.2011, bls. 19.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 23.

b) gögnum frá fyrirtækjum þegar um er að ræða tolleinföldun samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 471/2009,

c) gagnalindum fyrir sérstakar vörur eða hreyfingar samkvæmt 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 471/2009.

2. Innlend hagskýrslufirvöld skulu gera hagskýrslur um utanríkisverslun eftir:

a) samantektaraðildarríki, þar sem aðildarríkið sem gerir hagskýrslurnar um utanríkisverslun fyrir Hagstofu Evrópusambandsins er tilgreint,

b) viðmiðunartímabili,

c) flæði viðskiptanna,

d) verðmæti í gjaldmiðli hvers ríkis í heilum tölum,

e) uppgefnu magni í kg í heilum tölum,

f) uppgefnu magni í viðbótareiningum,

g) vörukóðum,

h) aðildarríki þar sem tollskýrslan er lögð fram,

i) aðildarríki ákvörðunarstaðar innflutnings. Þó ætti í þeim færslum um innflutning, þar sem tollupplýsingar um aðildarríki ákvörðunarstaðar eru ekki tiltækar, að vísa í landskóðann „QV“ þegar talið er að aðildarríki ákvörðunarstaðar sé annað en aðildarríkið þar sem tollskýrslan er lögð fram,

j) eiginlegu útflutningsaðildarríki útflutnings. Þó ætti í þeim færslum um útflutning, þar sem tollupplýsingar um hið eiginlega útflutningsaðildarríki eru ekki tiltækar, að setja landskóðann „QV“ þegar talið er að eiginlega útflutningsaðildarríkið sé annað en aðildarríkið þar sem tollskýrslan er lögð fram,

k) upprunalandi við innflutning,

l) sendingarlandi innflutnings. Ef sendingarlandið er aðildarríki skal þó setja upprunalandið þegar um er að ræða uppruna utan ESB eða, að öðrum kosti, notast við landskóðann „QW“,

m) síðasta þekkta ákvörðunarlandi útflutnings,

n) hagskýrsluferli,

o) tegund viðskipta, annað hvort með einum eða tveimur tölustöfum. Þó ætti, í þeim færslum þar sem tollgögn um eðli viðskiptanna eru ekki til staðar, að setja kóðann „0“ í eins stafs kóðun,

p) veittum ívilnunarkóða á innflutningi,

q) flutningsmáta við landamæri,

r) flutningsmáta innanlands,

s) gámi.

3. Hagskýrslurnar skulu innihalda leiðréttingar á færslum sem koma of seint eða sem vantar. Í leiðréttingum skal verðmætið koma fram, að lágmarki sundurliðað eftir samstarfslöndum, vörukóðum samkvæmt kaflaskiptingu sameinuðu nafnaskrárinnar og mánaðarlegu viðmiðunartímabili. Leiðréttingarnar skulu byggja á áreiðanlegu mati eða vísindalegum aðferðum.

4. Aðildarríki þurfa ekki að taka saman jafn ítarlegar upplýsingar og tilgreindar eru í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 471/2009 um einstök viðskipti sem eru undir viðmiðunarmörkum verðmætis. Þó skulu gögn um mánaðarlegt heildarverðmæti bæði inn- og útflutnings, að lágmarki send til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins).

5. Hagskýrslurnar skulu innihalda gögn sem bundin eru trúnaðarkvöð í því aðildarríki sem tekur þau saman. Innlend hagskýrslufirvöld skulu merkja þau gögn sem bundin skulu trúnaði þannig að hægt sé að birta sem mestar upplýsingar og mögulegt er, a.m.k. samkvæmt kaflaskiptingu sameinuðu nafnaskrárinnar, svo fremi sem trúnaðarkvöð sé tryggð.

3. gr.

### Gæðamat

1. Í samræmi við gæðaviðmiðið sem skilgreint er í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 471/2009, skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) framkvæma árlegt gæðamat sem byggir á gæðavisum og þeim kröfum sem samkomulag hefur náðst um fyrirfram við innlend hagskýrslufirvöld.

2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal útbúa drög að gæðaskýrslu, að hluta til útfyllta fyrirfram, fyrir hvert aðildarríki. Drög að gæðaskýrslum skulu send til aðildarríkjanna fyrir 30. nóvember, eftir viðmiðunarárið.

3. Aðildarríki skulu, innan 8 vikna frá viðtöku hinna fyrirfram útfylltu draga að gæðaskýrslum, senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) endanlegar gæðaskýrslur.

4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal leggja mat á gæði innsendu hagskýrslunnanna út frá gögnum og gæðaskýrslum sem aðildarríkin hafa látið í té og útbúa matsskýrslu fyrir hvert aðildarríki.

5. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal útbúa og birta samantekna gæðaskýrslu sem nær yfir öll aðildarríkin. Í henni komi fram mikilvægustu gæðavísarnir og þær upplýsingar sem safnað var saman við gerð gæðaskýrslanna.

*4. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---